



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

Alþingi
Erindi nr. P 139/2867
6.6.2011

Umsögn um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. 6. júní 2011
Sjávarútvegsnefnd

Meðal þess sem lesa mátti í tvíblöðungi sem menn fengu í hendur við upphaf sjómannamessu í Dómkirkjunni í gær voru eftirfarandi hendingar og vísdómsorð.

Aldan blá fyrir stafni stór
Stormur hvín og gnæfir sjór
allt í kring með sín ofurtök
ein er sjaldan báran stök

En stundum aftur ég aleinn má
í ofsarokinu berjast.
Þá skellur niðdimm nóttin á
svo naumast hægt er að verjast.

Þegar brotnar bylgjan þunga
brimið heyrir yfir fjöll
þegar hendir sorg við sjóinn
syrgir, tregar þjóðin öll.

Og að lokum þetta frábæra ljóð eftir Örn Arnarson

Flytja þjóðinni auð
sækja barninu brauð
færa björgin í grunn
undir framtíðarhöll

Allt sem hér að ofan kemur fram segir okkur með afgerandi hætti að hafið og þar með fiskimiðin kring um landið eru hættulegur vinnustaður sem okkur öllum og ekki síst Sjávarútvegsnefnd ber að virða og umgangast í samræmi við það. Ég trúi ekki að þeir þingmenn sem reynslu hafa af sjómennsku séu sáttir við að stórauka eigi hlut smábáta og skerða sem því nemur þær veiðiheimildir atvinnusjómannanna á stærri skipum. Ekki er með nokkru móti hægt að halda því fram að með þessu sé verið að fjölga störfum eða auka atvinnu, heldur er einfaldlega um að ræða aðför að okkar verðmætustu starfstétt, sem eru atvinnusjómenn, sjómenn sem hver og einn skila af sér meiri verðmætum en nokkrir aðrir sjómenn í veröldinni. Einnig má minna á að nútímafiskveiðar hafa með ærnum tilkostnaði sjávarútvegsfyrirtækja þróast í að vera hátækni-matvælaframleiðsla þar sem þrifnaður og vönduð meðhöndlun afla eru lykilatriði. Það blasir við aðbúnaður og möguleikar á að uppfylla ofangreind atriði verða aldrei til staðar á smábátum þar sem t.d. er hvorki er til staðar klósett né rennanndi vatn svo eitthvað sé nefnt. Vert er að nefna öryggisþáttinn og þá vaxandi hættu sem óumdeilanlega hlýtur að skapast með aukinni sjósókn og hlutdeild smábáta. Nefna skal einnig sölu og markaðsmál sem byggjast á gagnhvæmu trausti þar sem

kaupandi getur treyst því að fá þær afurðir sem hann hefur samið um fram í tímann. Slíku trausti er ekki hægt að viðhalda með flota sem ekki getur róið nema þegar veðrið er best og blíðast.

Hvað varðar 5. gr. Það er óeðlilegt að ein auðlind skuli skattlögð umfram aðrar og ljóst að 70 % hækkun á veiðgjaldi ásamt fyrirhugaðri skerðingu veiðiheimilda gera okkur sem standa eiga vörð um kjör sjómanna ákaflega erfitt fyrir varðandi gerð kjarasamninga svo vægt sé til orða tekið.

F.h. FFSÍ Árni Bjarnason